

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Umhyggju, félags langveikra barna.

1. gr.

Stofnendur.

Umhyggja, félag langveikra barna, kt. 691086-1199, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík, hefur stofnað sjóð sem heitir Styrktarsjóður Umhyggju, félags langveikra barna.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjölskyldur langveikra barna með fjárfram lagi, þegar fjárhags-erfiðleika má rekja til veikinda viðkomandi barns. Heimilt er sjóðnum að veita útfarárstyri vagna andlás langveikra barna. Fjölskyldur, sem ekki hafa aðgang að öðrum styrktarsjóðum foreldrafélaga langveikra barna, skulu njóta forgangs að styrkjum úr sjóðnum.

Fjölskyldur geta að öllu jöfnu sótt um styrki tvisvar sinnum þar til viðkomandi barn verður 18 ára og skulu að minnsta kosti líða 12 mánuðir á milli úthlutana.

Einnig er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til verkefna sem unnin eru í þágu langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

3. gr.

Framlag.

Höfuðstóll sjóðsins var gjöf Haraldar Böðvarssonar hf. að upphæð kr. 1.000.000.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofnfé sjóðsins. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum.

4. gr.

Starfsemi.

Tekjur sjóðsins eru:

- Vextir og arður af eignum hans.
- Gjafir og áheit sem honum kunna að berast.
- Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, í samræmi við tilgang sjóðsins.

Styrktarsjóðurinn og Umhyggja skulu hafa samstarf sína á milli um öflun styrkja og áheita til sjóðsins.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa þrír einstaklingar og tveir til vara. Stjórn Umhyggju tilnefnir einstaklinga í stjórn sjóðsins. Nú fellur stjórnarmaður frá, verður ófær um að gegna stjórnarstörfum vegna veikinda eða annarra annmarka eða segir sig frá stjórnarstörfum, og tekur þá varamaður hans sæti í hans stað.

Skipunartími stjórnarmanna er tvö ár í senn. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en í sex ár í senn. Stjórn sjóðsins skal tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sjóðstjórn ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins. Heimilt er sjóðstjórn að fela Umhyggju, félagi langveikra barna, að annast vörslu sjóðsins og fjárrreiður hans í samræmi við verklýsingum sem stjórnin setur.

Jafnframt gerir stjórn áætlanir um tekjur og gjöld sjóðsins.

Nr. 1236

20. nóvember 2020

6. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti og með 7 daga fyrirvara. Formaður stjórnarstýrir fundum og er talsmaður sjóðstjórnar. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef minnst tveir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Ritari færir fundargerðir stjórnarfunda.

7. gr.

Úthlutunarreglur.

Stjórn sjóðsins, í samráði við stjórn Umhyggju, skal setja úthlutunarreglur í samræmi við tilgang sjóðsins, þ.m.t. um hámarksfjárhæð styrks til hvers umsækjanda, heildarfjárhæð styrkja til úthlutunar hverju sinni, hvort skilyrði sé að foreldri sé í foreldrafélagi sem er aðili að Umhyggju eða félagsmaður Umhyggju, og hvernig skuli staðið að meðferð umsókna.

8. gr.

Ársreikningur o.fl.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðinn er af stjórn Umhyggju. Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

9. gr.

Breyting á skipulagsskrá. Slit sjóðsins.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt, né Styrktarsjóður Umhyggju, félags langveikra barna lagður niður, nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað af stjórn Umhyggju, í þágu hagsmuna langveikra barna í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Þessi skrá kemur í stað eldri skipulagsskrár fyrir Styrktarsjóð langveikra barna nr. 630/2015 sem fellur úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1998.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. nóvember 2020,

Björn Hrafnkelsson fulltrúi.

Auður Steingrimsdóttir.